




Reykjavíkurborg
Borgarlögmaður



Reykjavík, 29. júlí 2008
R08070046
774

Menntasvið
Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri
Fríkirkjuvegi 1
101 REYKJAVÍK

Reglur um slysatryggingu barna í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar.

Á fundi borgarráðs þann 10. júlí sl. voru samþykktar reglur um slysatryggingu barna í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar..

Reglurnar sendast meðfylgjandi ásamt greinargerð sem fylgdi tillögunum til borgarráðs með skýringum á einstökum greinum reglnanna.

Reglurnar sjálfar skulu gerðar aðgengilegar bæði starfsmönnum og foreldrum/forráðamönnum barna í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar. Í því felst m.a. að reglurnar skuli birta inn á innri og ytri vefum skólanna. Greinargerðin og skýringarnar eru hins vegar eingöngu ætlaðar starfsmönnum Reykjavíkurborgar.

Reglurnar öðluðust þegar gildi við samþykkt borgarráðs og ákvæðum þeirra skal beita um slys sem hafa átt sér stað frá 1. janúar 2005.

F.h. borgarlögmanns,

Ásthildur Sigurðardóttir
skrifstofustjóri

Hjálagt:

Reglur samþykktar í borgarráði 10.07.2008

Greinargerð með skýringum

Samrit:

Ómar Einarsson, framkv.stjóri Íþróttá- og tólstundasviðs

Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, sviðsstjóri Leikskólasviðs

Stella K. Víðisdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs

Verkefnastjóri trygginga, Berglind Söebeck



R08070046
774

REGLUR um slysatryggingar barna í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar

1. gr.

Gildissvið

Skilmálar þessir gilda um slys sem börn í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar verða fyrir. Um hvað fellur undir skipulagt starf á vegum Reykjavíkurborgar vísast til 2. gr. reglna um endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar, sem borgarráð samþykkti hinn 13. mars 2008.

Trygging samkvæmt reglum þessum tekur til slysa sem sá sem tryggður er, sbr. 1. gr., verður fyrir í starfstíma skipulagðs starfs á vegum Reykjavíkurborgar sem ákvarðaður er af stjórnendum skóla og stofnana sem tilgreindar eru í 1. gr. Tryggingin gildir í eða við þessi störf, á leið að þeim til eða frá heimili og á ferðalögum innanlands á vegum þeirra, hvert sem farið er og í hvaða skyni sem er.

Bætur greiðast vegna slyss sem barn verður fyrir hvernig svo sem slysið ber að, hver svo sem á sök á því og hvort slysið verður við nám eða leik ef það leiðir til andláts eða varanlegrar læknisfræðilegar örorku. Orðið slys merkir hér skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist sannanlega án vilja hans.

2. gr.

Almenn ákvæði

Börn, sem 1. gr. reglnanna taka til, eru slysatryggð fyrir dauða eða vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. Trygging þessi er í eigin áhættu borgarsjóðs. Reykjavíkurborg getur ákveðið að kaupa sér tryggingavernd fyrir áhættu samkvæmt þessum skilmálum að hluta eða að öllu leyti.

3. gr.

Takmarkanir á tryggingarvernd

Trygging samkvæmt reglum þessum vikur ef foreldrar/forráðamenn barns hafa í gildi á slysdegi sérstaka fjölskyldutryggingu sem tekur til tjónsins.

4. gr.

Dánarbætur

Valdi slys dauða þess sem tryggður er innan árs frá slysdegi greiðist tryggingarfjárhæð sú sem í gildi er í uppgjörsmánuði, samkvæmt 2. mgr. greinar þessarar, sbr. 7. gr. Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku sem kunna að hafa verið greiddar vegna sama slyss skulu framreiknaðar með vísitölu neysliverðs til uppgjörsmánaðar og dragast þannig reiknaðar frá greiðslu.

Bætur, sem greiddar eru vegna hvers barns, ef slys veldur dauða, eru kr. 356.000,-. Réttthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.



5. gr.

Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegar örorku

Valdi slys þeim sem tryggður er varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því að slysið varð greiddast örorkubætur á grundvelli þeirrar tryggingarfjárhæðar sem í gildi er á slysdegi, samkvæmt 2. mgr. greinar þessarar, sbr. 6. gr.

Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku greiddast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðina kr. 3.867.00,-.

6. gr.

Vísitölubinding tryggingafjárhæða

Tryggingarfjárhæðir samkvæmt 4. og 5. gr. eru vísitölubundnar og miðast við vísitölu neysliverðs í maí 2008, 304,4 stig. Við uppgjör bóta skal framreikna fjárhæðir miðað við þær breytingar sem orðið hafa á vísitölu neysliverðs frá maí 2008 til uppgjörsmánaðar bóta.

7. gr.

Bótauppgjör

Framkvæmd á reglum þessum heyrir undir embætti borgarlögmans.

Bætur greiddast eftir að læknisvottorð, matsgerð og önnur nauðsynleg sönnunargögn fyrir greiðslu úr tryggingu þessari hafa borist og unnt er að ákvarða upphæð bótanna. Berist ekki athugasemdir við bótafjárhæðina innan mánaðar frá því að bótaþega var skýrt frá henni telst hún samþykkt.

8. gr.

Skaðabótaábyrgð

Verði Reykjavíkurborg skaðabótaskyld gagnvart hinum tryggða skulu bætur, sem greiddar hafa verið vegna slyssins samkvæmt slysatryggingu þessari koma að fullu til frádráttar skaðabótum er borginni kann að verða gert að greiða.

9. gr.

Fyrning

Kröfur vegna tryggingar þessarar fynast á fjórum árum frá lokum þess dags er kröfuhafi fékk nauðsynlegar upplýsingar um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar, þó í síðasta lagi á 10 árum frá slysdegi.

10. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Ákvæðum þeirra skal beita um slys sem áttu sér stað frá og með 1. janúar 2005.

Samþykkt á fundi borgarráðs 10. júlí 2008

Greinargerð til borgarráðs
með tillögu að reglum um slysaftryggingar barna í skipulögðu starfi á vegum
Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg hefur ekki keypt sérstaka slysaftryggingu börnum í skipulögðu starfi til handa í þeim tilvikum þar sem skaðabótaábyrgð er ekki fyrir hendi. Keypt hefur verið frjáls ábyrgðartrygging en sú ábyrgð tekur til slysa og tjóna sem eiga sér stað í húsnæði leik- eða grunnskóla eða stofnana á vegum borgarinnar eða slysum og tjónum sem eiga sér stað innan starfstíma sem utan, ef um er að ræða starfsemi sem fer fram á vegum skóla eða stofnana. Skilyrði bótaábyrgðar er að tjónið megi sannanlega rekja til lélegs aðbúnaðar eða viðhalds húsnæðis eða skorts á eftirliti af hálfu starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Við nánari eftirgrennslan hefur komið í ljós að hjá Reykjavíkurborg hafa engar samþykktir verið gerðar varðandi tryggingar barna sem eru í skipulögðu starfi á vegum borgarinnar né afgreiðslu slíkra mála í þeim tilvikum þar sem skilyrði bótaábyrgðar eru ekki fyrir hendi. Nágrannasveitarfélögin hafa flest keypt sérstakar tryggingar fyrir skólabörn og í skilmálum slíkra trygginga segir að greiða skuli bætur vegna slyss er váttryggður verður fyrir, hvernig svo sem slysið bar að, hver svo sem á sök á því og hvort slysið verður við nám eða leik, ef það leiðir til andláts eða varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.

Í minnisblöðum fyrrverandi borgarlögmans um tryggingamál skólabarna er vísað til þess að hagkvæmnisástæður hafi legið að baki þeirri ákvörðun borgarinnar að kaupa ekki sérstaka slysaftryggingu en árlegar greiðslur vegna slysa og tjóna sem skólabörn hafa orðið fyrir í skólastarfi hafa verið verulega lægri en heildariðgjald sem borgin þyrfti að greiða fyrir tryggingar skólabarna ár hvert ef þau væru sérstaklega váttryggð.

Staðan í dag er því sú að börn í grunnskólum Reykjavíkurborgar eru ekki jafnsett og börn í nágrannasveitarfélögunum varðandi tryggingaþáttinn og er möguleikinn á því að fá dánarbætur eða örorkutjón bætt eingöngu fyrir hendi ef foreldrar eru með sérstakar fjölskyldutryggingar sem taka m.a. til slysa sem börn váttryggingartaka verða fyrir.

Athugasemdir við einstakar greinar tillögunnar:

Um 1. gr.

Lagt er til að reglurnar gildi um slys sem börn í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar verða fyrir en ekki eingöngu leik- og grunnskólabörn. Um hvað fellur undir skipulagt starf á vegum Reykjavíkurborgar vísast til 2. gr. reglna um endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar, sem borgarráð samþykkti hinn 13. mars 2008. Þar er að finna upptalningu á þeim störfum sem falla undir svið borgarinnar. Í skýringum með reglunum er nánar fjallað um skilgreininguna á hugtakinu skipulagt starf á vegum Reykjavíkurborgar og vísast að öðru leyti til þeirra.

Greiðsla samkvæmt reglum þessum greiðast án tillits til þess hvort slysið verður rakið til sakar eða aðgæsluleysis starfsmanna Reykjavíkurborgar eða búnaðar húsnæðis sem er í hennar eigu. Gildir því einu hvernig slysið bar að eða hver á sök á því.

Um 2. gr.

Börn sem falla undir þessar reglur, sbr. gildissvið 1. gr., eru slysaftryggð fyrir dauða eða vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku, þ.e. ófjárhagslegt tjón. Reglur um endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn verða fyrir í skipulögðu starfi taka hins vegar til slysakostnaðar foreldra/forráðamanna. Trygging þessi er í eigin áhættu en tekið er fram að Reykjavíkurborg hefur ávallt þann kost að kaupa sérstaka slysaftryggingu samkvæmt þessum skilmálum að hluta eða að öllu leyti.

Um 3. gr.

Fjölskyldutryggingar hjá stóru tryggingafélögunum greiða bætur vegna slyss, sem váttryggðir verða fyrir, þ.e. váttryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn, enda eiga þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili og búa á sama stað, og greiða félögin bætur vegna dauða, varanlegs líkamstjóns o.fl. Er því lagt til að tryggingavernd samkvæmt þessum reglum víki ef foreldrar/forráðamenn barns sem verður fyrir slysi í skipulögðu starfi á vegum borgarinnar eru með fjölskyldutryggingu sem nær yfir tjónið.

Um 4. og 5. gr.

Tryggingarfjárhæð dánarbóta og bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku er miðuð út frá þeim fjárhæðum sem fram koma í váttryggingarskránum nágrannasveitarfélaganna sem tryggja hjá sama tryggingafélagi og Reykjavíkurborg, þ.e. Váttryggingafélagi Íslands hf.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Vegna þess að hér er um að ræða í flestum tilfellum alvarleg slys eða dauðaslys, þykir eðlilegt að embætti borgarlögmanns sjái um uppgjör bóta á grundvelli reglnanna. Krafa um bætur á grundvelli reglnanna skal berast embættinu ásamt nauðsynlegum sönnunargögnum, svo sem læknisvottorðum, lögregluskýrslum, matsgerð o.fl. Tillaga að uppgjöri bóta er síðan borin undir foreldra/forráðamenn tjónþola og ef athugasemdir berast ekki innan mánaðar frá móttöku tillögunnar, telst hún samþykkt.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Um þetta vísast til laga um fyrningar kröfuréttinda nr. 150/2007, sem gilda einvörðungu um þær kröfur sem stofnast eftir gildistöku laganna, þ.e. frá 1. janúar 2008. Um eldri kröfur gilda lög nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Upphaf fyrningarfrests skaðabótakrafna utan samninga sem og krafna um bætur fyrir líkamstjón bæði innan og utan samninga miðast við þann dag er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgur er fyrir því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga. Því er gert ráð fyrir að fyrningarfrestur hefjist á síðara tímamarki en samkvæmt eldri fyrningarlögum, en þar er í 1. mgr. 5. gr. kveðið á um að fyrningarfrestur teljist frá þeim degi þegar krafa verður gjaldkræf. Almennt mundi það teljast frá þeim degi þegar tjónsatvik á sér stað, en það er ekki alltaf raunin. Það kemur fyrir að tjón verður í raun ekki fyrr en við síðari tímapunkt eða umfang þess verður ekki ljóst fyrr en síðar. Í þeim tilvikum hefur upphafstími fyrningar verið talinn frá því tímamarki þegar tjónið kemur fram

Um 10. gr.

Lagt er til að ákvæðum reglnanna verði beitt afturvirk, þ.e. taki til slysa sem frá og með 1. janúar 2005.

8. júlí 2008

**Þórður Guðmundsson, hdl.,
Embætti borgarlögmanns**